PUNKTAR FRÁ KYNNINGARFUNDI GILDIS FYRIR SJÓÐFÉLAGA

HALDINN AÐ GRAND HÓTEL REYKJAVÍK,
MÁNUDAGINN 26. OKTÓBER 2009 kl. 17:30

Dagskrá fundarins:

1. Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.
2. Staða sjóðsins.
3. Samskipta- og siðareglur.
4. Atvinna og enduruppbygging.
5. Umræður og fyrirspurnir.

Fundarsetning.

Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Vilhjálmur gat þess að til þessa fundar væri boðað í samræmi við óskir sem fram hefðu komið á síðasta ársfundi sjóðsins í apríl 2009. Ætlunin væri að kynna og fara yfir helstu þætti sem unnið hefði verið að á árinu. Fundarstjóri var skipaður Magnús Norðdahl hrl. og fundarritari Örn Arnþórsson skrifstofustjóri Gildis-lífeyrissjóðs. Magnús Norðdahl tók við fundarstjórn og upplýsti að fyrirkomulag fundarins yrði á þann hátt að framsögumenn myndu flytja sín erindi og síðan opnað fyrir umræður og fyrirspurnir til þeirra á eftir.

1. Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.

Sigurður Þórðarson fyrrverandi ríkisendurskoðandi og formaður Endurskoðunarnefndar Gildis – lífeyrissjóðs flutti erindi um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Erindinu var skipt niður í eftirtalda fjóra meginþætti:

- Lög og reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóðanna.
- Ábyrgð og skyldur stjórnenda lífeyrissjóða.
- Hlutverk eftirlitsaðila lífeyrissjóða.
- Opinbert eftirlit.

2. Staða sjóðsins.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir rekstri og stöðu sjóðsins m.v. 30. september 2009. Í máli hans var komið inn á eftirtalin atriði :

- Innheimt iðgjöld.
- Greiddur lífeyrir.
- Eignir og staða m.v. 30.09.2009.
- Þróun á verðbréfamörkuðum.
- Ávöxtun ársins 2009.
- Eignasamsetning 30.09.2009.

Gildi - lífeyrissjóður • Sætúni 1 • 105 Reykjavík
Sími 515 4700 • Fax 515 4701 • gildi@gildi.is • www.gildi.is

3. Samskipta- og siðareglur.

Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir nýlega samþykktum samskipta- og siðareglum fyrir stjórn og starfsmenn sjóðsins. Meginþættir þessara reglna eru eftirfarandi:

- Hlutverk Gildis – lífeyrissjóðs.
- Gildi gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.
- Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins.
- Hlutverk stjórnar og starfsmanna sjóðsins.
- Gjafir eru ekki þegnar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði.
- Stjórn og starfsmenn hafa metnað fyrir hönd sjóðsins.

4. Atvinna og enduruppbygging.

Þorbjörn Guðmundsson framkvæmdastjóri Samiðnar flutti erindi sem hann nefndi Lífeyrissjóðir og uppbygging atvinnulífsins. Eftirfarandi punktar voru uppistaðan í erindinu:

- Stöðugleikasáttmálinn, þar sem fjallað er um samstarf ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóðanna um fjármögnun stórra framkvæmda.
- Eiga lífeyrissjóðir að koma að fjármögnun verklegra framkvæmda.
- Hvaða kröfur eiga lífeyrissjóðirnir að gera.
- Í hvaða formi getur aðkoma lífeyrissjóðanna verið.
- Hvaða verkefni er um að ræða. Sem dæmi nýr Landspítali, bygging samgöngumiðstöðvar og stækkun flugstöðvar á Akureyri, vegaframkvæmdir og Búðarhálsvirkjun.
- Fjárfestingarsjóður Íslands.

5. Umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust til umræðna og fyrirspurna.

Árni Jón Konráðsson spurðist fyrir um greidd laun til ákveðins verktaka og um greiðslur frá Greiðslumiðlun sjávarútvegsins hér áður fyrr.

Sigurður T. Sigurðsson spurðist fyrir um hættu á meiri skerðingu lífeyris og hvort fyrirhugaður Fjárfestingarsjóður Íslands væri ákveðinn af fámennum hópi lífeyrissjóðamanna eða af sjóðfélögum almennt.

Þórir Karl Jónasson spurðist fyrir um Innra eftirlit og skerðingu greiðslna til öryrkja.

Örn Pálsson spurðist fyrir um Endurskoðunarnefnd sjóðsins. Örn óskaði eftir að staða sjóðsins 30.09.2009 eins og hún var kynnt af framkvæmdastjóra sjóðsins á þessum fundi verði birt á heimasíðunni.

Jóhann Páll Símonarson lagði fram lista með tólf fyrirspurnum sem hann óskaði eftir skriflegum svörum við og að bæði spurningar sínar og svör við þeim verði birtar á heimasíðu sjóðsins.

Ingvi Einarsson spurðist fyrir um skoðun sjóðsins á hugmyndum um skattlagningu iðgjalda við inngreiðslu og hvort lífeyrissjóðirnir eigi að greiða Icesave.

Bjarni Sveinsson spurðist fyrir um gjaldmiðlasamninga og afskriftir sjóðsins. Einnig vildi Bjarni fá að vita hvernig stjórnarmenn ætla að „axla ábyrgð".

Þorbjörg Gísladóttir spurðist fyrir um þá 100 milljarða sem talað væri um að setja í verklegar framkvæmdir og hvort að þær ættu að koma í einu lagi eða smátt og smátt eftir þörfum. Einnig spurðist Þorbjörg fyrir um séreignarsjóðina og hvort ekki væri rétt að hætta þeim greiðslum.

Árni Bjarnason spurðist fyrir um þá ávöxtunarkröfu sem gerð væri krafa um í þessum fyrirhuguðu lánveitingum til verklegra framkvæmda á vegum ríkisins. Einnig lýsti Árni takmarkaðri trú á fyrirhuguðum Fjárfestingarsjóði.

Guðríður Kristinsdóttir spurðist fyrir um lánveitingar til Landspítalans og hvort þessir 33 milljarðar væri endanleg tala eða hvort hún gæti orðið hærri. Einnig vildi hún fá að vita hvort einhver skilyrði kæmu frá sjóðunum varðandi hönnun spítalans.

Spurningum þessum var beint til frummælenda sem ásamt Sigurði Bessasyni varaformanni sjóðsins sátu fyrir svörum. Fyrirspurnum þessum var svarað eftir bestu getu af þessum aðilum.

Slit fundar.

Vilhjálmur Egilsson sleit síðan fundi kl. 19.45 um leið og hann þakkaði fundarmönnum góðan fund og fundarstjóra röggsama og góða fundarstjórn og upplýsti að kynningarefni þessa fundar yrði birt á heimasíðu sjóðsins.

Fundargestir á þessum kynningarfundi voru ca. 100.

Magnús Norðdahl
fundarstjóri

Örn Arnþórsson,
fundarritari